

LÖG

um breytingu á lögum nr. 9/1984, um frádrátt af skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hámarksfjárhæð í 2. másl. 1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. lög nr. 88/1986, breytist þannig að í stað „45.900 kr.“ komi: 115.000 kr., og í stað „91.800 kr.“ komi: 230.000 kr.

2. gr.

Við 10. gr. laganna bætist: Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sem lögð er í hlutfjárukningu í hlutfélagi eða lögð til hlutfjárkaupa við stofnun hlutafélags, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu fimm árum. Ónýtt frádráttarheimild tekur hækkun með sama hætti og fjárhæðir 2. gr.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

1. Lágmarkfjárhæðin í fyrri mgr. breytist þannig að í stað „5.000.000 kr.“ komi: „12.000.000 kr.“

2. Lágmarksfjöldi hluthafa í fyrri mgr. breytist þannig að í stað „50“ komi: 25.

4. gr.

Við 26. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir er orðast svo: Einnig getur ríkisskattstjóri heimilað frádrátt frá tekjum samkvæmt lögum þessum þótt skilyrðum 11. gr. um lágmark hlutfjár og lágmarksfjölda hluthafa hafi ekki verið fullnægt í árslok þegar um er að ræða starfandi hlutfélag sem er að auka hlutfé sitt eða hluthafafjölda. Til að ríkisskattstjóri veiti slíku hlutfélagi staðfestingu þarf að liggja fyrir yfirlýsing frá stjórn hlutafélagsins og gögn er geri það líklegt að skilyrðum verði fullnægt innan árs frá því ákvörðun var tekin um hlutfjárukningu eða fjölgun hluthafa.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta fyrir tekjuárið 1989.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.